



## Pistill skólastjóra

Margir halda ranglega að *hrekjavaka* (e.Halloween) sé bandarískur „öskudagur“ sem verið er að troða upp á Íslendinga sem nú þegar eiga sinn öskudag og þurfa ekki á svona amerískri þvælu að halda.

Þetta er þó ekki alveg svo einfalt og saga Halloween, sem fagnað er 31. október ár hvert, afar áhugaverð og tengist á margan hátt Íslendingum sem margir hverjir eru keltneskir að uppruna.

Halloween er yfir 2000 ára hátíð sem á uppruna sinn að rekja til Kelta á Írlandi, Skotlandi og víðar í N-Evrópu þar sem vetri var fagnað og sumarið kvatt. Í þá daga voru árstíðirnar einungis taldar vera tvær, vetur og sumar og upphaf vetrar var 1. nóvember.

Upphaflega var Halloween heiðin hátíð er kallast á gelísku Samhain, sem þýðir „hátíð hinna dauðu“. Keltar trúðu því að andar hinna látnu vöfrudu um stræti og torg þessa nótt og þar sem ekki væru allir andar sérlega vinveittir var gjöfum og gotteríi komið fyrir utandyra til að róa þá óvinveittustu og auka líkur á að uppskera næsta sumars yrði giftusöm. Auk þess voru kveiktir bálkestir og kertum komið fyrir í útskornum næpum.

Þessi siður þróaðist svo þannig og breiddist út, vissulega með aðstoð og stuðningi bandarískra kvikmynda og sjónvarpsþátta, að fólk klæðist oft en ekki ógnvænlegum búningum (oft með vísun í dauðann), gengur á milli húsa og biður um gotteri ellegar muni það hrekja viðkomandi. Kertum er í dag komið fyrir inni í útskornum graskerjum sem eru stærri og þægilegri í útskurði en næpunar. Allir þessir nýstárlegu siðir eru með lóðbeina vísan í þessa fornu hátíð og þá fornu siði sem viðhafðir voru.

Vissulega er hér um mikla einföldun að ræða í alltof stuttu máli en ég hvet ykkur til að kynna ykkur sögu hrekjavökunnar, hún er út um allt á veraldarvefnum og ræða við börnin ykkar um þessa aldagömlu hátíð.

Það er okkar fullorðna fólksins að viðhalda menningu, sögu, hefðum og siðum og tryggja að unga fólkið okkar sé meðvitað um hvers vegna við gerum það sem við gerum. Hrekjavaka getur verið afsökun til að betla nammi og troða sig út EÐA hefð sem þróast hefur frá tvöþúsund ára sið sem var mikilvægur forfeðrum okkar sem reiddu sig á uppskeru og vinsemd anda hinna látnu...og við fáum að njóta hans á þennan hátt í dag.

Gleðilega hrekjavöku,  
Hjördís

## Á döfinni

- 2. nóv – Krakkarnir í hverfinu 2.-4. bekkur.
- 3. nóv – Skólalag. Hvað getum við gert til að auka heilsueflingu.
- 3. nóv – Opið hús 6.-10. bekkur, 19:30-21:30.
- 4. nóv – Geðlestin, fræðsla fyrir 7.-10. bekk.
- 8. nóv – Dagur gegn einelti.
- 9. nóv – Skólalagjónustan
- 11. nóv – Árshátíð Reykjahlíðarskóla.
- 15. – 19. nóv – Áhugasviðsvika.
- 16. nóv – Dagur íslenskrar tungu.
- 17. nóv – Opið hús 6.-10. bekkur, 19:30-21:30
- 24. nóv – Opið hús 1.-5. bekkur, 17:00-18:30
- 25. nóv – Dans á Stórutjörnum 7.-10. bekkur.
- 29. nóv – Kveikt á jólatrénu

## Grænfáni og heilsueflandi

Unnum hópaverkefni um vigtunina sem fór fram í lok september og byrjun október. Nemendum var skipt í hópa þvert á námshópa og hver hópur fékk eitt hráefni, t.d. hrísgrjón, til að vigta eftir þeim þyngdum sem hver námshópur hafði hent þessa viku sem vigtað var. Nemendur reiknuðu svo hversu miklu við hendum á einu skólaári út frá þessari vigtun og fundu út hvað það væru margar mjólkurfurnur, smjörstykki og snakkpokar.

Munið  
endurskinsmerkin í  
skammdeginu

## 4. – 6. bekkur

Við í 4. – 6 bekk höfum notað október til að æfa fyrir árshátíðina. Það hefur gengið mjög vel og nemendur nokkuð fljótir að læra textann sinn og sleppa blaðinu.

Við höfum líka verið að einblína á styrkleika hvers og eins og ræða vináttu. Bæði hvernig vinir við viljum vera og hvernig við viljum að vinir okkar séu. Hver og einn gerði sína uppskrift að vináttu.

## 2. – 3. bekkur

Við höfum verið að vinna með samskipti og hvernig við eigum að koma fram hvert við annað. Það er mikilvægt að okkur líði öllum vel í skólanum og til að það gangi þurfum við öll að leggja okkur fram við að sína hvert öðru virðingu. Í framhaldinu líði okkur vel og þá getum við séð árangur, þetta er í samræmi við gildi skólans – Virðing – Velliðan – Árangur.

Við erum líka á fullu að undirbúa árshátíðina og svo er áhugasviðsvika hjá okkur um miðjan mánuð.

## 1. bekkur

Það er alltaf nóg um að vera hjá okkur. Á fimmtudögum fáum við skólahópinn í heimsókn og stundum kemur 2. bekkur til að læra, æfa og leika með okkur.

## Jákvæður agi

Þann 6. október æfðum við virka hlustun hjá nemendum. Þeir voru paraðir saman, þvert á námshópa. Nemendur æfðu þrennt:

1. Allir töluðu hver í kapp við annan.
2. Annar aðilinn talaði en hinn hlustaði ekki og sýndi engan áhuga á því sem sagt var.
3. Sá áhugalaus talaði, hinn hlustaði vel og sýndi mikinn áhuga.

Þessi æfing tókst vel og flestir skyldu muninn á virkri hlustun og óvirkri.

## 7. – 10. bekkur

Hafa verið að vinna að landafræðiverkefni, hópaverkefni þar sem hver hópur valdi sér landi. Fjalla þarf ýtarlega um landið, teikna hæðarkort og merkja inn á það. Í byrjun nóvember er svo kynning á verkefninu. Verkefnið er metið í íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði.

Núna eru æfingar fyrir árshátíðina í fullum gangi, ásamt búningahönnun og uppsetningu leiksviðs. Það er komið vel á veg og er mikil tilhlökkun hjá nemendum.

## Krakkablak

Blaksamband Íslands er að kynna blakíþróttina fyrir börnum um allt land og stendur fyrir blakmótum fyrir nemendur í 4. – 6. bekk. Við förum miðvikudaginn 27. október til Akureyrar á mót í Boganum ásamt 100 öðrum nemendum úr skólum víðs vegar af Norðurlandi eystra. Við vorum með 4 lið sem öll spiluðu 10 leiki. Þau stóðu sig mjög vel, skemmtu sér enn betur og komu öll í sjöunda himni heim. Við fáum svo bolta og net að gjöf frá Blaksambandinu til að æfa með. Frábært framtak sem gaman er að taka þátt í.

# Dagskrá Reykjahlíðarskóla nóvember 2021

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
1. Soðinn fiskur, kartöflur, lauksmjör og grænmeti.	2. Pasta með kjúklingi og grænmeti. <b>Krakkarnir í hverfinu fyrir 2.-4. bekk, forvarnarverkefni.</b>	3. Plokkfiskur, rúgbrauð og grænmeti. <b>Skólaþing. Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30. Akstur.</b>	4. Grænmetissúpa og heimabakað brauð. <b>Geðlestin, fræðsla fyrir 7.-10. bekk.</b>	5. Vefjur með kjúklingi og grænmeti.	6.	7.
8. Steiktur fiskur, kartöflur, lauksmjör og grænmeti. <b>Dagur gegn einelti.</b>	9. Grænmetis lasagne og grænmeti. <b>Skólaþjónusta.</b>	10. Fiskibollur, hrísgrjón, súrsæt sósa og grænmeti.	11. Lambalæri, kartöflur, sósa og grænmeti. <b>Árshátíð.</b>	12. Grjónagrautur, slátur og brauð. <b>Skóli hefst kl. 9:30.</b>	13	14.
15. Fiskréttur og grænmeti.	16. Kjötsúpa, grænmeti og heimabakað brauð. <b>Dagur íslenskrar tungu.</b>	17. Fiskur í ofni og grænmeti. <b>Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30. Akstur.</b>	18. Gúllas, kartöflustappa og grænmeti.	19. Kakósúpa og brauð.	20. <b>Áhugasviðsvika 15.-19.</b>	21.
22. Soðinn fiskur, kartöflur, lauksmjör og grænmeti.	23. Hakk, spaghetti og grænmeti.	24. Silungur, kartöflur, sósa og grænmeti. <b>Opið hús 1.-5. bekkur kl. 17:00-18:30. Akstur.</b>	25. Grænmetisbuff, hrísgrjón, súrsæt sósa og grænmeti. <b>Dans á Stórutjörnum 7.-10. bekkur. Akstur.</b>	26. Snitsel, kartöflur, sósa og grænmeti.	27.	28.
29. Plokkfiskur og grænmeti. <b>Kveikt á jólatré við skólann kl. 10:00.</b>	30. Pasta með heimagerðri tómatsósu og grænmeti.					

